



Reglur um kostnaðarþátttöku Skeiða- og Gnúpverjahrepps við lagningu bundins slitlags á heimreiðar í sveitarféluginu.

1. gr.

Umsókn um uppbyggingu vega og lagningu slitlags

Ábúendur skila inn umsókn um lagningu bundins slitlags á heimreiðar fyrir 1. september ár hvert vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru árið eftir. Sveitarstjóri tekur við umsóknum og skilar tillögum til sveitarstjórnar fyrir fyrsta sveitarstjórnarfund októbermánaðar ár hvert, en sveitarstjórm tekur ákvörðun um hvort og hvaða verkefni skal framkvæma í samráði við Vegagerðina. Forgangsröðun verkefna skal taka tillit til umferðarþunga veganna og/eða þeirrar atvinnustarfsemi sem þeir þjóna.

2. gr.

Skilyrði umsóknar

Til þess að umsókn teljist gild þarf vegur sem fyrirhugað er að leggja bundið slitlag á að vera skráður héraðsvegur á vegaskrá Vegagerðarinnar. Þá er skilyrði að föst búseta sé við enda þeirrar heimreiðar sem sótt er um að leggja bundið slitlag á. Séu fleiri en einn ábúandi á þeim kafla sem um ræðir skal samþykki allra aðila liggja fyrir.

3. gr.

Skipting kostnaðar

Skipting kostnaðar við hvert verk skal vera þannig að Vegagerðin greiðir að lágmarki kostnað við undirbyggingu vegarins og helming efta burðarlags en Skeiða- og Gnúpverjahreppur ásamt ábúendum greiðir að hámarki fyrir helming efta burðarlags og allan kostnað við klæðningu á veginn. Öll aukaverk sem til koma verða hinsvegar greidd af þeim aðila sem eftir því kallað þar sem slíkt á við. Áður en aukaverk er unnið skal frá því engið hver muni greiða það og í hvaða hlutföllum það skiptist. Kostnaðarþátttaka Skeiða- og Gnúpverjahrepps miðast að hámarki við verkefni sem tekur mið af heimreiðastaðli Vegagerðarinnar, þ.e. að hámarki 4 m. breiðum vegi. Sé vegur byggður upp breiðari en heimreiðastaðall Vegagerðarinnar tekur til að ósk ábúenda skal allur hluti verksins sem er umfram þann staðal flokkast sem aukaverk án kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins.

Athugið að ábúandi greiðir sjálfur síðustu 50 metrana ef hann óskar eftir því að fá bundið slitlag á þann kafla, þar sem síðustu 50 metrar heimreiða flokkast ekki sem héraðsvegir.

4. gr.

Greiðslur til verktaka

Greiðslur fara þannig fram að verktökum er ætlað að innheimta hjá hvorum aðilanum fyrir sig skv. ofangreindri kostnaðarskiptingu, þ.e. Vegagerðinni og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Skeiða- og Gnúpverjahreppur sér um greiðslu til verktaka og innheimtir svo hjá ábúendum.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur - www.skeidgnup.is

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is www.skeidgnup.is

5. gr.

Skipting kostnaðar milli Skeiða- og Gnúpverjahrepps og ábúenda

Skipting kostnaðar milli Skeiða- og Gnúpverjahrepps og ábúenda skal miðast við að sveitarfélagið greiði 60% og ábúendur 40%, en kostnaðarskipting skal staðfestast með undirritun samnings í hverju tilfelli fyrir sig. Ef fleiri en einn ábúandi eru á vegkaflanum sem lagt er slitlag á er það í höndum ábúenda að koma sér saman um kostnaðarskiptingu innbyrðis.

6. gr.

Samningur um verkið

Þegar fyrir liggur hvaða verkefni verður ákveðið að fara í skal Skeiða- og Gnúpverjahreppur í samráði við Vegagerðina útbúa kostnaðaráætlun sem fulltrúi sveitarfélagsins ber undir ábúendur. Samþykki ábúendur kostnaðaráætlunina skal útbúa samning þar sem kostnaðarskipting er tilgreind og skulu allir hluteigandi aðilar undirrita samninginn.

7. gr.

Gildistaka reglna

Reglur þessar eru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 16. ágúst 2023.

f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps,
Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri


Sveitarstjóri
Skeiða- og
Gnúpverjahrepps